

Reglur um viðskipti starfsmanna við GAM Management hf.

1. Inngangur

Reglur þessar fjalla um viðskipti starfsmanna við GAM Management hf. („GAMMA“) og eru settar með vísan til 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002. Reglurnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu GAMMA.

2. Viðskipti starfsmanna með hlutdeildarskírteini

Starfsmönnum er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum sjóða eða sjóðsdeilda GAMMA en um þau viðskipti gilda sérstakar reglur GAMMA um eigin viðskipti starfsmanna, sem fela meðal annars í sér að starfsmönnum er óheimilt að eiga slík viðskipti án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvarðar. Þá er starfsmönnum óheimilt að eiga slík viðskipti ef þau myndu leiða til hagsmunaárekstra á milli starfsmanns annars vegar og viðskiptamanns GAMMA eða sjóða eða sjóðsdeilda GAMMA hins vegar. Sala slíkra hlutdeildarskírteina er jafnframt háð heimild regluvarðar, en þó gildir lágmarkseignarhaldstími ekki um slíkar fjárfestingar ef um er að ræða hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum. Starfsmenn sem hyggjast fara í reglulega áskrift að verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum GAMMA skulu fá heimild regluvarðar áður en slíkur samningur er gerður og áður en honum er sagt upp. Að öðru leyti er vísað nánar til reglna um eigin viðskipti starfsmanna.

3. Viðskipti starfsmanna við eignastýringu

Starfsmönnum GAMMA er heimilt að gera samning við eignastýringu félagsins um stýringu eigna. Reglur um eigin viðskipti starfsmanna gilda ekki um fjármálagerninga sem starfsmenn eru með í eignastýringu hjá fjármálafyrirtæki, þar á meðal GAMMA, sbr. nánari ákvæði í þeim reglum.

4. Viðskiptakjör

Vegna viðskipta með sjóði skulu starfsmenn GAMMA njóta starfsmannakjara sem skulu fela í sér að gengismunur og kaupþóknun eru felld niður. Starfsmenn GAMMA njóta jafnframt starfsmannakjara við eignastýringu til jafns við bestu kjör viðskiptamanna félagsins.

5. Almennar reglur o.fl.


Viðskipti starfsmanna við GAMMA skulu að öðru leyti en að ofan greinir lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.

Um viðskipti GAMMA við forstjóra og lykilstarfsmenn, og aðila í nánnum tengslum við forstjóra, gilda sérstakar reglur sem settar hafa verið með vísan til 1. mgr. 57. gr. l. 161/2002.

Reglur þessar koma í stað reglna um sama efni sem samþykktar voru 29. apríl 2015.

Samþykkt af stjórn GAMMA

Reykjavík, 27.5.2015



Hleif Skarvæðing
Fr. Jónsdóttir
Hleifur Skarvæðing